



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Skrifstofa AKÍS 4. febrúar 2020 kl. 18:00

Mætt:

Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Ragnar Róbertsson (RR), Halldór Jóhannsson (HJ), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Baldvin Hansson (BH), Stefán Örn Steinþórsson (SÖS)

Fjarverandi:

Arnar Már Pálmarsson (AMP), Sigurjón Andersen (SA), Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS)

ÞA ritaði fundargerð.

1. Ársþing 14. mars 2020

Tímaáætlun

- 14. febrúar 2020 Fyrri fundarboð sent. Þar komi fram hvenær á að halda ársþingið og hver frestur til framboðs og að senda inn mál og lagabreytinga sem taka á fyrir á ársþinginu er. Fulltrúafjöldi hvers aðildarfélags komi þá fram.
- 22. febrúar 2020 Frestur til að skila inn framboðum til stjórnar, og senda inn mál og lagabreytingum sem taka á fyrir á ársþinginu rennur út.
- 29. febrúar 2020 Seinna fundarboð sent. Þar komi fram upplýsingar um framboð, lagabreytingar og mál sem tekin verða fyrir á þinginu.

2. Öryggisbúr

Kynning í Reykjavík og Akureyri lokið.

Æfing fyrir úttektaarmenn lokið.

Verið er að raða saman ökutækjum á daga og staði.

JBJ og ÞA útbúa drög að handbók og skoðunarkitti fyrir skoðunarmenn bura.

3. Ferðaskýrslur

Halldór Jóhannsson sagði frá fundi FIA Drifting Commission 27. janúar 2020.

4. RIG 2020

Ísland - Danmörk í hermikappakstri.

Framkvæmd keppinnar tókst mjög vel en árangur Íslendinga verður vonandi betri á næsta ári.



5. FIA-NEZ nefndir

Samþykktir eftirfarandi fulltrúar í FIA-NEZ nefndum fyrir hönd AKÍS:

Racing	Jón Bjarni Jónsson
Drifting	Halldór Jóhannsson
Rallycross	Baldvin Hansson
Eco Run	Tryggvi M. Thordarson
Formula Offroad	Ragnar Róbertsson
Rally	Ísak Guðjónsson

6. Önnur mál

Tryggingarmál - Málin eru í skoðun. Svo virðist sem tryggingarvernd sem boðið var uppá á síðasta ári (án sakar) verði ekki í boði í ár. AKÍS er að ræða við tryggingafélögin, viðeigandi ráðuneyti og systursamtök sín á norðurlöndum. Sennilegt er að leitað verði út fyrir landsteinana.

Reglubókin á vefnum - bæta inn á valmynd á síðunni.

Öryggisnefnd AKÍS: Til samræmis við 13. gr. laga AKÍS hafa eftirtaldir aðilar verið skipaðir þessa nefnd:

- Aðalsteinn Símónarson, formaður
- Páll Pálsson
- Erla Sigurðardóttir
- Elsa Kr. Sigurðardóttir
- Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir

Keppnisnúmer - skilgreina feril fyrir útgáfu keppnisnúmera. BH, TMB og HJ koma með tillögu.

Mótakerfi AKÍS - mikilvægt að fá inn breytingar vegna félagaskráningar.

Sérreglur, dagskrá og lokaskýrsla - AKÍS heldur námskeið fyrir keppnishaldara og dómnefndir til að tryggja að sérreglur séu fyrir hendi fyrir hverja keppni ásamt skýrslu um viðkomandi keppni.

Samningur við framkvæmdastjóra - TMB og JBJ falið að ganga frá nýjum samningi.

7. Næsti fundur

Hangouts þann 18. febrúar 2020 kl. 18:00.

8. Fundi slitið kl 19:41